

TIL UMHUGSUNAR

ÁBATI ERLENDRAR FJÁRFESTINGAR

6. MAÍ 2019

ÁBATI ERLENDRAR FJÁRFESTINGAR

Á síðustu hundrað árum hefur Ísland farið frá því að vera ein fátækasta þjóð Evrópu í að vera sjötta ríkasta þjóð heims á mælikvarða landsframleiðslu á mann. Sú velmegun hefur skilað sterku velferðarkerfi, bættri menntun, blómlegu atvinnulífi og auknum möguleikum landsmanna í lífi og starfi. Lífskjör Íslendinga ráðast af mörgum þáttum en einn mikilvægur þáttur er að hér vaxi og dafni sterkar útflutningsgreinar. Fyrir smáriki eins og Ísland skiptir höfuðmáli að eiga viðskipti yfir landamæri með vörur og þjónustu.

Alþjóðaviðskipti geri þjóðum kleift að sérhæfa sig í því sem þær gera best og kaupa það sem þær vanhagar um af öðrum. Slík samvinna eykur verðmætasköpun og velmegun. Ábati af alþjóðaviðskiptum er ekki bundinn við vöru- og þjónustuviðskipti. Fjármagnsflæði milli landa er ekki síður mikilvægt fyrir margar sakir. Aukið framboð á fjármagni á heimamarkaði stuðlar að lægra vaxtastigi og veitir aukin tækifæri til uppbyggingar og fjárfestinga. Það er ekki síst ólík nálgun, sýn og þekking sem drífur ábatann, eins og í öðru samstarfi. Erlendir aðilar geta séð tækifæri sem innlendum eru hulin, bætt það sem fyrir er með nýrri þekkingu og tækni og skapað möguleika til vaxtar.

Ísland þarf erlenda fjárfestingu

Ofangreind sannindi eiga sérstaklega vel við smáriki eins og Ísland. Íslendingar eru fáir í stóru landi, með lágan meðalaldur og vel menntaðir. Í öllum þessum sérkennum felast tækifæri en að sama skapi þörf fyrir erlenda fjárfestingu.

1. **Fámenn þjóð í stóru landi ríku af auðlindum.** Íslendingar eru ein dreifbýlasta þjóð heims í landi ríku af náttúruauðlindum. Í fámenninu felast mikil tækifæri en um leið takmarkanir. Erlendir fjárfestar geta aðstoðað heimamenn við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og að sama skapi komið með ný verkefni og með því stuðlað að fjölbreyttara og öflugra hagkerfi.
2. **Ung þjóð.** Ungar þjóðir njóta góðs af erlendu fjármagni þar sem einstaklingar skuldsetja sig yfirleitt snemma á lífsleiðinni er þeir sækja sér menntun og stofna fjölskyldu. Sparnaður byggist upp þegar líður á vinnualdurinn. Hátt hlutfall fólks á vinnufærum aldri skapar einnig tækifæri til atvinnuuppbyggingar sem auðveldara er að nýta með bættum aðgangi að fjármagni.
3. **Hátt menntunarstig.** Hátt menntunarstig á Íslandi gerir vinnumarkaðinn móttækilegri fyrir tækninýjungum og skapar svigrúm fyrir verðmætari störf. Erlend fjárfesting sem krefst hugvits og tæknipekkingar sækir í menntað vinnuafli og með því berst þekking og aukinn hvati til menntunar í innlendu hagkerfi.

Sóknin á mölina

Undanfarna áratugi hefur einn fylgisfiskur breyttra atvinnuhátta, aukinnar menntunar og tækniframfara í landbúnaði og fiskvinnslu, verið fækkun starfa vegna aukinnar sjálfvirknivæðingar og hagræðingar í greinunum. Þetta hefur valdið því á Íslandi að byggð hefur lagst af í sumum sveitum og fjöldi minni sveitarfélaga á landsbyggðinni hafa átt í vök að verjast vegna þverrandi atvinnutækifæra. Vöxtur ferðaþjónustu hefur vissulega verið lyftistöng á mörgum svæðum, en meira þarf til. Til marks um breytta búsetuhætti þá hefur íbúum á Vestfjörðum fækkað um nærri helming og 15% á Austurlandi á síðustu 100 árum þrátt fyrir að íbúafjöldi á landinu öllu hafi fjórfaldast. Hlutfall landsmanna sem bjó á höfuðborgarsvæðinu árið 1919 var 20% en er nú 64%. Þó þessi þróun sé að mörgu leyti eðlileg og í samræmi við það sem hefur verið að gerast í öðrum löndum þá er hún engu að síður ákveðið áhyggjuefni. Sérstaklega þegar haft er í huga að sum tækifæri verða aðeins nýtt af þeim sem búa á viðkomandi svæði. Nærtækt er að nefna ferðaþjónustuna þessu til stuðnings.

Í ljósi þessa er það fagnaðarefni þegar fjárfest er í starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins. Aukin uppbygging í fiskeldi er gott dæmi um slíka fjárfestingu, mest á Vestfjörðum en þó einnig á Reykjanesi, Austfjörðum og Norðurlandi eystra. Í mörgum tilvikum eru það erlendir aðilar sem hafa fjármagnað slíka fjárfestingu og byggja á reynslu sinni og þekkingu af öðrum sambærilegum verkefnum í öðrum löndum. Erlend fjárfesting dreifir fjárhagslegri áhættu af innlendri atvinnuuppbyggingu, hleypir nýju lífi og þekkingu í atvinnulíf landsins og styrkir tengsl við erlenda markaði.


Erlend fjárfesting í uppbyggingu fiskeldis á landsbyggðinni er kærkomin innspýting fyrir íslenskan efnahag. Flest eru fyrirtækin enn í uppbyggingarfasa og mun þróun á næstu árum skipta miklu fyrir samfélög sem sjá nú fram á blómlegra atvinnulíf. Mikilvægt er að eftirlit og reglur séu til staðar sem tryggja að staðið sé vörð um auðlindir Íslands og að ekki sé gengið of nærri umhverfinu. Að þessu sögðu eigum við að taka því fagnandi þegar erlendir fjárfestar sjá tækifæri til fjárfestinga hér landi.

Stökk í fjárfestingu í fiskeldi

Fiskeldi er enn að slíta barnsskónum á Íslandi en hefur um langt skeið verið blómleg atvinnugrein sér í lagi í Asíu og Noregi. Norskir fjárfestar hafa tekið þátt í uppbyggingu fiskeldis á Íslandi og þó framleiðsla hér á landi jafngildi ekki nema framleiðslu lítils eldisfyrirtækis í Noregi þá hefur uppbyggingin verið hröð undanfarin ár á ákveðnum svæðum og er þegar farin að skipta sköpum fyrir nálæg byggðarlög. Fjárfest var í fiskeldi fyrir um 4 milljarða króna árið 2017, meira en nokkru sinni fyrr.

Fjárfesting í fiskeldi á Íslandi

M.kr. á verðlagi ársins 2018



Heimildir: Byggingastofnun


Ótvíræð innspýting fyrir landsbyggðina

Á síðustu árum hefur hagvöxtur verið mikill á Íslandi en uppganginum hefur ekki verið dreift jafnt. Atvinnutekjur hafa vaxið mikið að meðaltali en sé litið til einstakra landshluta birtist okkur önnur mynd.

Atvinnutekjur á Vestfjörðum hafa t.a.m. vaxið um 7,3% samanborið við 18,3% á landinu öllu. Er vægi fiskeldis þar mikið en tveir þriðju aukningarinnar á Vestfjörðum er tilkomin vegna fiskeldis og eru þar ótalin óbein áhrif. Það er því ljóst að þó vægi fiskeldis sé lítið á landsvísu þá er það orðið ein megin undirstaða atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum.

Breyting atvinnutekna milli áráanna 2008 og 2017

Á föstu verðlagi




Heimildir: Byggðastofnun

Ný stoð í útflutningi Íslendinga

Fjárfesting í fiskeldi er ekki einungis jákvæð út frá byggðarsjónarmiðum. Arðbært fiskeldi á Íslandi eykur verðmætasköpun og útflutningstekjur þjóðarinnar. Einsleitni í íslenskum útflutningi hefur gert gjaldeyrisöflun þjóðarinnar útsettari fyrir áföllum. Tilkoma ferðapjónustu sem burðarvinnugrein á síðustu árum hefur styrkt grundvöll útflutnings og dregið úr áhættu t.a.m. af aflabresti eða öðrum áföllum útflutningsgreina. Þó fiskeldi sé á mun minni skala gilda sömu lögmál þar. Allt sem eykur fjölbreytni útflutnings og verðmætasköpun er til þess fallið að draga úr sveiflum í innlendum efnahag og byggja betur undir lífskjör okkar til framtíðar. Hlutur eldisfisks af útflutningsverðmæti sjávarafurða er enn lítil en hefur vaxið hratt undanfarin ár og mun vafalaust vaxa áfram samhliða aukinni fjárfestingu.

Útflutningsverðmæti eldis- og sjávarafurða

Ma.kr. á verðlagi ársins 2018



Heimildir: Byggðastofnun